



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lög um einkahlutafélög nr. 138/1994 og lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Þingskjal 228, mál nr. 227.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar. Frumvarpið birtist í samráðgátt stjórnvalda þann 23. febrúar 2022 en SFF skilaði umsögn í gáttina þann 11. mars 2022. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi þann 1. apríl 2022 en dagaði uppi. Frumvarpið hefur nú verið lagt fram á Alþingi að nýju og umsagnarbeiðni borist frá efnahags- og viðskiptanefnd. Um frumvarpið segir m.a. að í því megi finna tillögur að breytingum á lögum um hlutafélög þar sem félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði er heimilað að ákveða í samþykktum sínum tiltekin atriði er varða hluthafafundi.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ný málsgrein bætist við 80. gr. laga um hlutafélög sem heimili hlutafélögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði (skráðum félögum) að kveða á um það í samþykktum að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn.

Í greinargerð með frumvarpsdrögum kemur fram að ábendingar hafi borist um að það geti verið vandkvæðum bundið að undirbúa fund og koma upplýsingum á framfæri við hluthafa nægilega tímanlega fyrir hluthafafund þegar fundurinn er haldinn rafrænt annað hvort að hluta til eða eingöngu. Eigi þetta einkum við í tilfellum félaga þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði og þegar um er að ræða hluthafa sem búsettir eru erlendis og taka þátt í fundinum í gegnum rafræna miðla.

SFF og SA styðja þessa breytingu á lögum en að mati samtakanna eru engin sérstök rök fyrir því að takmarka heimildina við skráð félög. Sérákvæði í lögum um skráð félög miða almennt að því að veita hluthöfum meiri og/eða skýrari réttindi en í öðrum félögum. Heimildin sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins myndi leiða til þess að hluthafar í skráðum félögum hefðu að þessu leyti takmarkaðri réttindi en hluthafar í öðrum félögum.

Í framkvæmd er slík heimild einkum æskileg þegar hluthafafundur er haldinn rafrænt, annað hvort að hluta til eða eingöngu. Á þetta er bent í greinargerðinni með frumvarpsdrögum. Heimild til að halda rafræna hluthafafundi byggir á 80. gr. a í lögum um hlutafélög og er sú heimild ekki takmörkuð við skráð félög. Þótt skráð félög hafi á undanförunum árum sett slíka heimild í samþykktir sínar og kosið í auknum mæli að nýta

Hús atvinnulífsins | Borgartún 35, 105 Reykjavík

Samtök Fjármálafyrirtækja
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
(+354) 591 04 00
sff@sff.is
www.sff.is



hana hafa óskráð félög einnig séð kostina við rafræna hluthafafundi og jafnvel nauðsynina eins og sást í faraldrinum. Þörfin fyrir umrædda heimild er þannig óháð því hvort um skráð félag er að ræða eða ekki.

SFF og SA benda jafnframt á að tillagan í 3. mgr. 60. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 32/1978 um hlutafélög var ekki takmörkuð við skráð félög. Þá má ráða af greinargerðinni með frumvarpsdrögum að ákvæði norskra og sænskra laga um hlutafélög takmarki heimildina ekki við skráð félög.

Samtökin leggja því til að 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Ný málsgrein bætist við 80. gr. svohjóðandi: „Heimilt er að kveða á um það í samþykktum félags að hluthafi skuli tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn, sá frestur skal þó eigi vera lengri en ein vika, og skal fundarboð innihalda upplýsingar um skráningardag. Atkvæðavægi hluthafa á fundinum fer eftir iðjöldu hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur.“

Ef talið er nauðsynlegt að takmarka það hvaða félög skuli hafa umrædda heimild er það mat samtakanna að binda mætti heimildina við þau félög sem ákveða, á grundvelli 80. gr. a í lögum um hlutafélög, að hluthafafundi skuli halda rafrænt, annað hvort að hluta eða að öllu leyti. Slíkt ákvæði sem þá yrði bætt inn í 80. gr. a gæti verið svohljóðandi:

„Heimilt er að kveða á um það í samþykktum að þegar hluthafafundur er haldinn rafrænt, annaðhvort að hluta til eða eingöngu, skuli hluthafi tilkynna félaginu þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests fyrir fundinn. Sá frestur skal þó eigi vera lengri en ein vika. Fundarboð skal innihalda upplýsingar um skráningardag. Atkvæðisréttur hluthafa á fundinum fer eftir iðjöldu hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur.“

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur

F.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðrún Björk Gísladóttir, lögmaður

Hús atvinnulífsins | Borgartún 35, 105 Reykjavík